

Úthlutunarreglur fyrir Árnassjóð

1. Réttur sjóðsfélaga.

Réttur sjóðsfélaga til fyrirgreiðslu úr sjóðnum miðast við að greitt hafi verið til sjóðsins mánaðarlegt framlag samfellt í 6 mánuði sem miðast við 0,30% af heildarlaunum fyrir a.m.k. hálf starf. Fylgt er skrá fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert yfir sjóðsfélaga skv. framanskráðu.

Sjóðsfélagi ávinnur sér orlofspunkta, að hámarki 12 á ári, sjá nánar í 2. gr.

- **Fæðingarorlof.** Sjóðsfélagi viðheldur óskertum úthlutunarrétti þó svo hann fari í lögbundið fæðingarorlof.
- **Lífeyrisþegar.** Þeir sjóðsfélagar sem njóta fullra réttinda Árnassjóðs við töku lífeyris og hafa greitt framlag í sjóðinn í samtals 5 ár geta viðhaldið rétti sínum til að leigja orlofshús á vetrartíma á sömu kjörum og sjóðsfélagar með því að greiða svokallað ævigjald kr. 25.000. Óski fyrrum sjóðsfélagi aðildar þarf hann að senda umsókn til sjóðsins sem stjórn hans tekur þá fyrir. Lífeyrisþegar eiga ekki rétt á orlofsstyrk.

2. Punktakerfi.

Upphaf punktatalningar er frá ársbyrjun 2009. Punktaávinnsla miðast eingöngu við greiðslu framlags. Orlofspunktur ávinnast ekki ef greiðslur til sjóðsins falla niður. Punktar safnast þannig að fyrir hvern heilan mánuð fæst 1 punktur. Punktar reiknast fyrst eftir 6 mánuði í starfi og eru þeir uppfærðir tvisvar sinnum á ári 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Frádráttur á punktum er með þeim hætti að fái sjóðsfélagi úthlutað orlofshúsi á sumartíma þá dragast frá punktaineign hans 12 punktar.

Fái félagsmaður, sem er með skráða orlofspunkta, úthlutað orlofshúsi á sumartíma getur hann sótt um að fá greiddan þann mismun sem nemur leigugreiðslunni á orlofshúsinu og orlofsstyrknum gegn framvísun reikninga.

Á vetrartíma dragast ekki frá punktar vegna úthlutunar orlofshúss.

3. Fyrirgreiðslur.

Fyrirgreiðsla til sjóðsfélaga felst annars vegar í útleigu orlofshúsa og hins vegar í greiðslu orlofsstyrks gegn framvísun reikninga.

Félagsmenn, sem eru með skráða orlofspunkta geta ýmist leigt hús á sumar- og vetrartíma eða fengið greiddan orlofsstyrk.

4. Orlofsstyrkir.

Félagsmenn geta árlega sótt um orlofsstyrk til sjóðsins vegna kostnaðar sem þeir greiða vegna orlofs á tímabilinu 1. janúar til 31. desember.

Ekki er sérstakt umsóknareyðublað. Umsóknir skal senda til sjóðsins í tölvupósti á netfangið arnessjodur@fjr.is eða bréfpósti á heimilisfangið Árnassjóður, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík.

Hægt er að sækja um orlofsstyrk t.d. vegna skipulagðra afþreyingarferða utan- eða innanlands; flug- eða bátsferða sem farnar eru vegna orlofs bæði innanlands og erlendis; kostnað vegna gistingar í orlofi t.d. á hóteli, í fjallaskála, á tjaldsvæði, í orlofshúsi; leigu farartækja og fleira sem, að mati sjóðsstjórnar, stuðlar að því að félagsmaður geti notið orlofs.

4.1 Upphæð orlofsstyrks

Upphæð orlofsstyrks er kr. 55.000.

4.2 Forsendur fyrir greiðslu orlofsstyrks.

Með umsókn skulu fylgja prentuð eða rafræn afrit sölureikninga eða annarra greiðsluskjala sem innihaldi eftirfarandi upplýsingar:

- o Nafn greiðanda og/eða kennitölu.
- o Nafn móttakanda og/eða kennitölu.

- o Upphæð greiðslu.
- o Dagsetning greiðslu.
- o Hvað er greitt fyrir, t.d. gisting, flugfar o.s.frv.

- Kreditkortakvittun er ekki gild kvittun ein og sér heldur þarf staðfestingu hennar við tiltekið greiðsluskjal.
- Athugið að reikningar eða greiðsluskjöl verða að vera á íslensku, ensku eða norðurlandamáli (öðru en finnsku) til að vera gildar. Ef kvittun er á öðru tungumáli verður þýðing að fylgja með.
- Afrit af reikningi eða greiðsluskjali má ekki vera í Wordskjali, það verður að vera mynd t.d. jpeg eða pdf.
- Reikningar verða að vera lögformlegir.
- Fram þarf að koma inn á hvaða bankareikning styrkurinn skuli greiddur (númer banka, höfuðbókar og reiknings) svo og kennitala sjóðsfélaga.
- Beiðnir um styrkgreiðslur skulu hafa borist Árnassjóðnum, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík eigi síðar en 15. desember ár hvert.

4.3 Ekki er greiddur orlofsstyrkur vegna;

- Leigu á orlofshúsum Árnassjóðsins.

5. Útleiga orlofshúsa.

Útleiga orlofshúsa er annars vegar sumarleiga og hins vegar vetrarleiga.

Sjóðsfélagar geta leigt orlofshús á bókunarvef sjóðsins: www.arnessjodur.is.

Sumarleigan byggir á punktakerfi (punktaeign sjóðsfélaga) sjóðsins og greiðist með kreditkorti við bókun orlofshúsa á vef sjóðsins.

Vetrarleiga greiðist með kreditkorti við bókun orlofshúsa á vef sjóðsins.

Aðeins er hægt að vera með tvær bókanir í senn.

Óheimilt er að leigja öðrum en sjóðsfélögum og með öllu er óheimilt að framleigja orlofshús sjóðsins.

5.1 Sumarleiga.

Sumartími er almennt frá 1. júní til 31. ágúst. Sumarleigan er vikuleiga frá föstudegi til föstudags. Leigutíminn er frá kl. 17.00 en leigutaka ber að skila húsinu ekki síðar en kl. 12.00 á skiladegi. Sjóðsfélagi getur einungis fest eina leiguviku.

Útleiga er punktastýrð þannig að sjóðsfélögum er raðað miðað við punktaeign þeirra. Þeir sem eiga flesta punkta ganga fyrir við úthlutun. Ef punktaeign er jöfn ræður aldur sjóðsfélaga.

Almennt er opnað er fyrir sumarleigu fyrsta mánudaginn í mars ár hvert. Umsóknarfrestur er til hádegis mánudaginn þar á eftir. Staðfesting umsækjanda með greiðslu þarf að hafa borist á hádegis mánudaginn viku síðar.

5.2 Vetrarleiga.

Vetrartími er almennt frá 1. september til 31. maí. Leigutími er stystur tvær nætur en lengstur sjö nætur á sama stað. Verð kemur fram á vefsíðu sjóðsins.

Sjóðsfélagi getur aðeins verið með tvær bókanir samtímis á vetrartíma.

Leigutími er frá kl. 17.00 en leigutaka ber að skila bústaðnum ekki síðar en kl. 12:00 á skiladegi. .

6. Afhending lykla.

Upplýsingar um afhendingu lykla að orlofshúsunum er að finna á leigukvittun.

7. Þegar upp koma vandamál.

Ef fram koma bilanir eða álíka vandamál er sjóðsfélagi beiðinn um að láta viðkomandi þjónustuaðila vita strax og mun hann leitast við að koma hlutunum í lag. Ef það tekst ekki er sjóðsfélagi beiðinn um að hafa samband við stjórn sjóðsins strax og dvöl lýkur.

8. Breytingar, afpöntun, forföll o.fl.

8.1 Heimilt er að breyta bókun einu sinni fyrir hverja leigu ef það er gert með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Ef tekið er óýrara hús er mismunur á kostnaði vegna leigu húsanna ekki endurgreiddur.

8.2 Ef sjóðsfélagi hættir við dvöl á sumarleigutímabili með a.m.k. 30 daga fyrirvara endurgreiðir sjóðurinn 80% leigugjalds. Ef sjóðsfélagi hættir við dvöl á sumarleigutímabili með skemmri fyrirvara en 30 dögum endurgreiðir sjóðurinn ekki 80% leigugjalds nema önnur úthlutun takist.

8.3 Ef sjóðsfélagi hættir við dvöl á vetrarleigutímabili með a.m.k. 15 daga fyrirvara endurgreiðir sjóðurinn 80% leigugjalds. Ef sjóðsfélagi hættir við dvöl á vetrarleigutímabili með skemmri fyrirvara en 15 dögum endurgreiðir sjóðurinn ekki 80% leigugjalds nema önnur úthlutun takist.

8.4 Ef veikindi koma í veg fyrir orlofsdvöl skal tilkynna það svo fljótt sem verða má en þó ekki síðar en kl. 12.00 á upphafsdegi leigu og endurgreiðir sjóðurinn þá 80% leigugjalds.

8.5 Ef veður eða aðrar óviðráðanlegar ytri ástæður hamla orlofsdvöl og Vegagerð, Veðurstofa, lögregla eða aðrir opinberir aðilar mæla eindregið gegn því að fólk leggi í ferðalög á þeim svæðum þar sem orlofshús sjóðsins er að finna er endurgreitt sem nemur 80% leigugjalds og felldir niður punktar ef við á.

9. Umgengni, ábyrgð og skil.

Leigutaka ber að hafa kvittun fyrir leigunni til staðar á meðan á dvöl stendur. Leigutaki ber ábyrgð á umgengni um orlofshús, orlofssvæði svo og aðrar eigur sjóðsins. Verði tjón sem leigutaki hefur valdið skal hann bæta það eftir almennum reglum skaðabótarréttar og leiguréttar en áskilinn er réttur til að krefjast bóta sem nema þeim útgjöldum sem tjónið hefur bakað sjóðnum.

Óheimilt er að hafa hunda, ketti eða önnur gæludýr í orlofshúsunum. Leigutaka ber að skila húsinu hreinu og í sama ástandi og hann tók við því. Sé illa eða ekki þrifið áskilur sjóðurinn sér rétt til hreingerningar á kostnað hlutaðeigandi leigutaka.

Árnessjóður, 25. ágúst 2022